

Úrskurður í máli 3/2010-2011

Kærandi: Gylfi Arnbjörnsson

Kærðu: Vefmiðillinn eyjan.is

Kæruefni: Fyrirsögn Eyjunnar í frétt 14.10.2010: „Forseti ASÍ eindregið gegn því að skuldir heimilanna verði lækkaðar.”


Málsmeðferð: Kæra barst siðanefnd (SBÍ) með boðsendu bréfi dagsettu 15. október 2010 ásamt fylgigögnum. Greinargerð barst frá kærða, undirrituð af Þorfinni Ómarssyni, ritstjóra Eyjunnar, með bréfi dagsettu 1. nóvember 2010 ásamt fylgigögnum. SBÍ tók málið fyrir 26. október og 9. nóvember 2010.

Málavextir: Kærandi telur að framsetning Eyjunnar með hinni kærðu fyrirsögn og „eindregin synjun á leiðréttingu” feli í sér brot á fyrsta málslíð 1. gr. siðareglna BÍ og 3. grein. Kærði bendir hins vegar á að fyrirsögninni hafi verið breytt daginn eftir að hún birtist. Að auki hafi kæranda verið boðið að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í miðlinum. Eftir breytingu var fyrirsögnin á þessa leið: „Forseti ASÍ eindregið gegn almennri lækkun á húsnæðisskuldum heimila.”


Umfjöllun: Kærandi leitaði til kærða um leiðréttingu að kvöldi 14. október strax og fréttin birtist. Af framlögðum tölvupóstum verður ráðið að krafa um leiðréttingu hafi ekki verið til lykta leidd milli aðila, sbr. 6. grein siðareglanna, þegar kærandi sendi kæru sína til SBÍ í hádeginu daginn eftir, 15. október. Ekki liggur annað fyrir en að fyrirsögnin hafi verið leiðrétt þann dag. Siðanefnd telur að hin kærða fyrirsögn hafi verið leiðrétt innan hæfilegs tíma eftir að krafa um leiðréttingu barst. Ekki eru því efni til að taka efnislega afstöðu til kærunnar og henni því vísað frá.

Úrskurður: Málinu er vísað frá.


Reykjavík 9. nóvember 2010




Björn Vignir Sigurpálsson




Friðrik Þór Guðmundsson



Jóhannes Tómasson



Sigríður Árnadóttir



Ásgeir Þór Árnason